

Með hliðsjón af athugasemdum með frumvarpi laganna um 3. mgr. 22. gr. verður því að skýra nýmælin þannig, að í þeim sé sett sérregla er varðar heimildir þegar skip er selt öðrum útgerðarmanni. Þessi sérregla verður að teljast ganga framur 44. gr. laganna, og 45. gr. verður þá ekki talin eiga við.

Því ber að fallast á með stefnda, að hálfur uppsagnarfrestur yfirmanna gildi þegar skip er selt, og verður sýknukrafa hans tekin til greina.

Eftir öllum atvikum er rétt að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Rækjuver hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda Jörundar Bjarnasonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 148/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Gunnlaugi Gunnlaugssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. maí 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar ökuleyfissviptingar.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, braut hann

gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er svarar til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en skv. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber nú að dæma um brot ákærða eftir umferðarlögum nr. 50/1987. Í ákæru er brotið fært undir 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. laga 50/1987. Eins og ákæru er háttað verður honum einungis refsað samkvæmt síðast nefndu lagaákvæði, sbr. Hrd. 1984 bls. 1249. Þá er ákærða einnig gefið að sök brot gegn 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987.

Ákærði gekkst undir dómsátt hinn 7. desember 1984 fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög 54/1976. Þá var ákærði dæmdur í sakadómi Ólafs-fjarðar 30. september 1985 fyrir brot á 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög 54/1976. Það athugast að mishermt er á sakavottorði í héraðsdómi, að brotið hafi verið gegn „3. mgr. 60. gr. og 62. gr. tollalaga“ í því máli.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Staðfesta ber sviptingu ökuleyfis ævilangt, sbr. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarn-arlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Ólafsfiarðar 12. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali útgefnu 18. janúar 1988 á hendur Gunnlaugi Gunnlaugs-syni sjómanni, Ólafsvegi 12, Ólafsfirði, fæddum í Ólafsfirði 01.11. 1941, fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 26. maí 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ó-133 frá Akureyrarflugvelli að bensínafgreiðslu Oliufélagsins hf. við Veganesti á Akureyri og aka bifreiðinni þar aftur á bak án nægi-legrar aðgæslu á bifreiðina A-8220, sem var þar kyrrstæð við bensindælur.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að kl. 20.57 þriðjudaginn 26. maí 1987 var lögregl-unni á Akureyri tilkynnt um árekstur bifreiðanna Ó-133 og A-8220 við bensínafgreiðslu ESSO, Veganesti. Áreksturinn varð þannig að bifreiðinni Ó-133 var ekið aftur á bak frá bensindælunni og á bifreiðina A-8220 sem var kyrrstæð. Ökumaður Ó-133 er ákærði í máli þessu. Samkvæmt skýrslu lögreglumannsins, Sigurðar Sigurðssonar, lagði talsverðan áfengisþef frá vitum ákærða. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið áfengi kvöldið áður og hætt drykkjunni kl. 01.00. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Akureyrarflugvelli og vera á leið út í Ólafsfjörð. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Var tekið öndunarsýni af ákærða, sem sýndi 3. stig. Var ákærði því færður á lögreglustöðina. Þar var tekin af ákærða skýrsla fyrir varðstjóra og blóðsýni kl. 21.45 sem var merkt nr. 58 26/5 1987. Þar kvaðst ákærði hafa verið að fara til Ólafs-fjarðar og verið að koma frá Akureyrarflugvelli og lagt af stað um kl. 20.30. Hann kvaðst hafa verið að drekka áfengi sl. nótt, fjögur glös af vodka á Hótel Borg í Reykjavík frá kl. 21.00 til 23.30 í gærkvöldi. Í dag kveðst hann vera búinn að drekka 4 til 5 flöskur af pilsner og maltöli. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann hafi sifið 4-5 tíma sl. nótt og 4 tíma í dag og ekki drukkið áfengi eftir að hann hætti akstri.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra var útlit og önnur einkenni ákærða eftir-farandi: Talsverður áfengisþefur af andardrætti. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma kurteis. Augu voru vot og dauf. Jafnvægi var óstöðugt. Málfar var þvöglulegt. Framburður var greinargóður.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði vera 2,29‰.

Niðurstaða: Telja verður sannað með játningu ákærða um akstur og áfengisneyslu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali

og er þar heimfært til refsíákvæðanna 2. mgr. sbr. 3. mgr., 25. gr. og 4. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Ákærði sem fæddur er 1. nóvember 1941 í Ólafsfirði hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1960 11/9 í Reykjavík: Kærður fyrir tékkafölsun. Ákæru frestað í 3 ár frá 1/12 1960.
- 1961 11/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73, 1952.
- 1961 3/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hegningarlagna.
- 1962 29/5 í Ólafsfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958.
- 1963 8/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 22/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 31/10 í Reykjavík: Dómur: 4000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 15 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. (Mál nr. 5175/1963).
- 1964 10/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 31/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 15/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 26/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 8/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Dómsbirting 8/7 1965). (Mál nr. 7046/1964).
- 1964 28/11 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir tékkamisferli.
- 1966 18/2 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í í saka-dómi Reykjavíkur 8/10 1964: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1966 3/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki). (Mál nr. 76/1966).
- 1966 3/6 í Reykjavík: Dómur: Eigi gerð sérstök refsing. Brot gegn 27. gr. umferðarlaga. (Mál nr. 440/1966).
- 1968 23/1 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 27/9 á Ólafsfirði: Sátt, 50.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 27.09. 1978.
- 1984 7/12 á Ólafsfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 7.12. 1984.
- 1985 30/9 á Ólafsfirði: Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 3. mgr. 60. gr. og 62. gr. tollalaga.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða og 80. gr. umferðarlaga telst refsing hans hæfileg 20 daga varðhaldsvist.

Þá ber með vísun til sakavottorðs ákærða og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.